

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Neðan-Sogsvegar 4, L169505, 4A, 4B, L169507 og 4C.*

Gerð er óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins við Braut 1, Neðan-Sogsvegar 4, 4A, 4B og 4C. Lagfæringer eru gerðar á deiliskipulaginu til að samræma það nýjum samþykktum lóðablöðum. Lega, sem er skv. samþykktu deiliskipulagi Brautar 1, lóðar 2 og skráð í þjóðskrá Neðan-Sogsvegar 4A, L169506, lagfærð til samræmis við nýja mælingu og helst stærð óbreytt. Lóðirnar sem eru skv. samþykktu deiliskipulagi Brautar 1, nr. 4, 4A, 4B og 4C og skráðar í þjóðskrá Neðan-Sogsvegar 4 og 4B breytast og verða að lóðunum Neðan-Sogsvegar 4, 4B, 4C. Lega og stærð þessara lóða eru í samræmi við nýja mælingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. febrúar 2020.

*Deiliskipulag, Kerið 1, L172724.*

Um er að ræða deiliskipulag fyrir Kerið 1, L172724. Deiliskipulagssvæðið er um 27 ha að stærð og er gert ráð fyrir að afmarkaðar verði tvær lóðir austast á svæðinu undir gestastofu, bílastæði og þjónustubyggingar. Þá er gert ráð fyrir einni lóð norðvestur af Kerinu. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu austast á svæðinu og mun núverandi aðkomu að Kerinu verða lokað.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. febrúar 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 18. maí 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2020